



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2023-2026
Seinni umræða

Samþykkt í bæjarstjórn 14. desember 2022

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árin 2023 – 2026 er lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 14. desember 2022. Fyrri umræða fór fram þann 23. nóvember síðastliðinn.

Breytingar hafa átt sér stað á milli umræðna og verður farið yfir þær hér á eftir. Einkum verður gerð grein fyrir breytingum á áætlun ársins 2023 en stiklað á stóru yfir áætlanir fyrir árin 2024 – 2026.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

Inngangur

Bæjarstjórn Árborgar kjörtímabilið 2022-2026 leggur nú fram sína fyrstu fjárhagsáætlun til seinni umræðu í bæjarstjórn þann 14. desember 2022. Um leið er lögð fram þriggja ára áætlun í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B hluta fyrir árin 2023–2026.

Fjárhagsáætlunin er lögð fram til seinni umræðu með halla upp á kr. 1.855.666.000 kr. sem er ekki ásættanlegt en endurspeglar því miður stöðu sveitarfélagsins í dag og það verkefni sem liggur fyrir bæjarstjórn og starfsmönnum. Unnið verður áfram á nýju fjárhagsári í hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins en gert er ráð fyrir 100 millj.kr. hagræðingarkröfu á árinu 2023 ásamt því að skapa frekari tækifæri til aukinnar tekjuöflunar á næstu árum.

Góð samvinna við gerð fjárhagsáætlunar

Fjárhagsáætlun ársins 2023 var unnin sameiginlega af öllum bæjarfulltrúum og var samstarfið afar ánægjulegt. Fyrir það ber að þakka. Þá vill bæjarstjórn þakka fjármálastjóra og öllum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir framúrskarandi gott samstarf, útsjónarsemi, aðhald og metnað við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023. Áskorunin er mikil en með samstilltum hóp starfsmanna sveitarfélagsins og kjörinna fulltrúa erum við bjartsýn á að ná utan um reksturinn á næstu árum.

Rekstur A-hluta sveitarfélagsins hefur verið neikvæður til fjölda ára og telst að óbreyttu ekki fjárhagslega sjálfbær. Skuldsetning er mikil, framlegð of lág og veltufé frá rekstri dugir ekki fyrir afborgunum lána. Bæjarstjórn Árborgar er meðvituð um fjárhagsstöðuna og nauðsyn þess að gripið sé til aðgerða. Setja þarf raunhæf markmið til næstu ára svo Sveitarfélagið Árborg nái efnahagslegri sjálfbærni.

Fjármálaáætlun til 10 ára

Bæjarstjórn Árborgar vinnur nú með KPMG að því að skilgreina aðgerðir og eftirfylgni til að ná settu marki. Mikilvægt er að horfa til langs tíma og setja skýra stefnu en vinnan miðar að 10 ára fjármálaáætlun. Markmið næstu ára eru að sveitarfélagið skili jákvæðri afkomu, tryggja vöxt og sjálfbæran rekstur til framtíðar. Rýna þarf áætlanir, möguleika til úrbóta, setja skýr markmið og skilgreina helstu áherslur þannig að allar aðgerðir og ákvarðanir í framhaldinu styðji við markmiðin.

Fjárhagsáætlun 2023 miðar fyrst og fremst að því að gæta aðhalds og ná utan um reksturinn til lengri tíma. Hagræðingarkrafa var á alla málaflokka en bæjarstjórn lagði áherslu á að verja starf velferðarþjónustunnar og aðra grunnþjónustu við fjölskyldur í sveitarfélaginu. Við áætlun á útsvari er horft til væntanlegra útsvarstekna, atvinnuleysis, launaþróunar og fjölgunar íbúa en gert er ráð fyrir um 5% íbúafjölgun á ári til ársins 2026.

Framkvæmdaáætlun styðji við uppbygginguna

Umfangsmiklar framkvæmdir verða áfram í Árborg á næsta ári til að tryggja að grunn innviðir mæti þörfum íbúa og fyrirhugaðri fjölgun. Því miður þarf að færa einhverja framkvæmdir til milli ára í þriggja ára áætlun en af nýjum verkefnum á framkvæmdaáætlun ársins 2023 ber hæst bygging 2.áfanga Stekkjaskóla, hreinsistöð í Geitanesi, gatnagerð í Bjarkarlandi og Víkurheiði ásamt jarðborun Selfossveitna eftir heitu vatni. Unnið verður áfram markvisst að viðhaldi fasteigna og gatnakerfis í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins en mikilvægt er að sinna viðhaldi þótt fjárhagsstaðan sé erfið.

Drögum úr hækkun fasteignagjalda

Bæjarstjórn Árborgar mun í fjárhagsáætlun koma til móts við íbúa og fyrirtæki vegna verulegrar hækkunar á fasteignamati fyrir árið 2023. Fasteignagjöldin samanstanda af fasteignaskatti, lóðarleigu, fráveitu- og vatnsgjaldi og sorphirðugjaldi. Bæjarstjórn ákvað að lækka ekki fasteignaskattsprósentuna vegna tengingar hennar við framlög Jöfnunarsjóðs heldur lækka fráveitu- og vatnsgjaldið til að milda heildarhækkun fasteignagjalda um að jafnaði 10-20 prósentustig.

Við útreikning framlaga frá Jöfnunarsjóði er tekið mið af álagningarprósentum fasteignaskatts á árinu 2022. Sveitarfélög eiga erfitt með að lækka prósentu fasteignaskatta því þá lækka framlög til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði, sem þýðir tvöföld tekjuskerðing. Sveitarfélagið Árborg mun því mæta hækkun fasteignamats með lækkun annarra gjalda. Þannig verður vatnsgjaldið lækkað úr 0,172% í 0,15% og fráveitugjaldið lækkar úr 0,251% í 0,10% fremur en að snerta fasteignaskatts prósentuna beint. Sveitarfélagið kemur þannig til móts við íbúa og fyrirtæki auk þess sem greiðslum verður dreift á ellefu mánuði í stað tíu áður, til að létta á mánaðarlegri greiðslubyrði. Með verulegri

lækkun á fráveitu- og vatnsgjaldi vill bæjarstjórn koma til móts við íbúa og fyrirtæki vegna hækkunar á fasteignamati fyrir árið 2023.

Lóðarleiga mun haldast óbreytt milli ára. Sorphirðugjaldið hækkar um 9% milli ára vegna aukinna útgjalda við sorphirðu. Það er þó fyrirséð að endurskoða þarf sorphirðugjaldið á árinu í takti við þróun sorphirðu og ný lög sem taka gildi um næstu áramót. Útsvar fyrir árið 2023 verður óbreytt eða 14,52% og almennar gjaldskrárhækkanir verða að jafnaði 9% sem er í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar.

Margir óvissupættir á næsta ári

Óvissupættir fyrir komandi ár eru nokkrir og ber fyrst að nefna kjarasamninga. Nýir kjarasamningar hjá flestum félögum á almennum markaði hafa verið undirritaður við samtök atvinnulífsins og er gildistími samninganna frá 1. nóvember til 31. janúar 2024. Flestir kjarasamningar á opinbera markaðnum gilda fram til 1. mars 2023 en samningar við kennarafélögin gilda til 1. september 2023.

Verðlagsforsendur hafa breyst mikið og verðbólga á árinu var meiri en gert var ráð fyrir ásamt hækkandi vöxtum. Þessar ytri aðstæður hafa áhrif á rekstur sveitarfélagsins og vonandi stenst þjóðhagsþá Hagstofunnar sem spáir lækkandi verðbólgu strax á næsta ári.

Fyrir utan þær augljósu hörmungar sem inn-rás Rússa í Úkraínu hefur í för með sér þá hafa ófyrirséðar hækkanir á orkuverði og hrávöru frá Evrópu efnahagslegar afleiðingar á öll ríki heims. Þá hefur málaflokkur fatlaðs fólks ekki enn fengið leiðréttingu frá ríkinu en vonir standa til að sú leiðrétting komi að einhverju leiti inn á næsta ári.

Það dylst engum að aðstæður eru erfiðar og mikilvægt að halda áfram að leita leiða til hagræðingar. Bæjarfulltrúar og starfsfólk sveitarfélagsins munu taka höndum saman við það verkefni en því miður þarf mögulega að taka erfiðar ákvarðanir sem dregið gætu úr þjónustu sveitarfélagsins til skamms tíma.

Það má þó ekki gleyma þeim tækifærum sem eru í samfélaginu. Fjöldi íbúða er í byggingu, miðbær Selfoss heldur áfram að byggjast upp og fjölbreytt fyrirtæki sýna sveitarfélaginu áhuga sem mun fjölga atvinnutækifærum á svæðinu. Við höldum því ótrauð áfram enda er bjart fram undan í Sveitarfélaginu Árborg.

Rekstrarniðurstaða

- Áhrif breytinga á fjárhagsáætlun 2023 hækka rekstrarhalla úr 1.530,4 millj.kr. í 1.855,7 millj.kr.
- Rekstrarhalla árið 2024 hækka úr 1.429,2 millj.kr. í 1457,5 millj.kr.
- Rekstrarhalla árið 2025 hækka úr 1.116,3 millj.kr. í 1.144,4 millj.kr.
- Rekstrarhalla árið 2026 hækka úr 926,4 millj.kr. í 1.018,8 millj.kr.

Lántökur

- Árið 2023 - ný langtímalán hækka um 100 millj.kr. milli umræðna.
- Árið 2024 - ný langtímalán lækka um 400 millj.kr. milli umræðna.
- Árið 2025 - ný langtímalán lækka um 150 millj.kr. milli umræðna.
- Árið 2026 - ný langtímalán hækka um 1.030 millj.kr. milli umræðna.

Skuldahlutfall

Reiknað skuldaviðmið samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

	<u>Fyrri umræða</u>	<u>Seinni umræða</u>
• 2023	161,5%	163,2%
• 2024	179,3%	174,4%
• 2025	183,1%	178,2%
• 2026	176,4%	177,5%

Skuldahlutfall

	<u>Fyrri umræða</u>	<u>Seinni umræða</u>
• 2023	186,4%	187,5%
• 2024	202,7%	197,7%
• 2025	204,9%	199,3%
• 2026	196,7%	196,8%

Breytingar á málaflokkum milli umræðna

Í töflunni hér á eftir má sjá breytingar á málaflokkum milli umræðna:

Aðalsjóður	Fyrri umræða	Seinni umræða	Mismunur í þús.kr.
00 Skatttekjur	11.772.876	11.643.876	129.000
02 Félagsþjónusta	-2.140.283	-2.135.515	-4.768
03 Heilbrigðismál	-45.906	-48.537	2.631
04 Fræðslu og uppeldismál	-7.686.756	-7.563.080	-123.676
05 Menningarmál	-340.844	-341.716	872
06 Æskulýðs og íþróttamál	-1.250.824	-1.237.913	-12.911
07 Brunamál og almannavarnir	-183.614	-183.614	
08 Hreinlætismál	-139.986	-142.597	2.611
09 Skipulags og byggingarmál	-311.228	-315.154	3.926
10 Umferðar- og samgöngumál	-450.833	-450.833	
11 Umhverfismál	-282.288	-269.977	-12.311
13 Atvinnumál	-43.811	-43.811	
21 Sameiginlegur kostnaður	-619.180	-1.006.043	386.863
22 Lífeyrisskuldbindingar	-216.950	-216.950	
27 Óvenjulegir liðir	115.000	100.000	15.000
28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-259.253	-264.512	5.259
Aðalsjóður samtals	-2.083.880	-2.476.377	392.497

Aðrir sjóðir í A-hluta			
31 Eignarsjóður	878.477	979.007	-100.530
33 Þjónustumiðstöð	-115.878	-115.878	
71 Fasteignafélag Árborgar slf.	-754.069	-787.229	33.160
89 Verktækni ehf	-6.885	-6.885	
A-hluta samtals	-2.082.236	-2.407.363	325.125

Sjóðir í B-hluta			
51 Byggingarsjóður aldraðra	-22.692	-22.692	
67 Fráveita	126.864	126.864	
69 Vatnsveita	338.997	338.997	
77 Selfossveitur	-281.390	-281.565	175
83 Sandvíkursetur ehf.	390.092	390.092	
Sjóðir í B-hluta samtals	551.872	551.697	175
A og B hluti samtals	-1.530.364	-1.855.666	325.302

Aðalsjóður:

- **Málaflokkur 00 – Skatttekjur**

Fasteignaskattar lækka um 129 millj.kr. milli umræðna. Um innsláttarvillu var að ræða og er hún leiðrétt hér með.

- **Málaflokkur 02 – Félagsþjónusta**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 4,8 millj.kr. milli umræðna.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokksnum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
02	02150	Félagsleg stuðningsþjónusta	-153 þús.kr.

Félagsleg stuðningsþjónusta lækkar um 0,06% frá fyrri umræðu. Fæðispeningar fóru á reiknuð hlunnindi og því reiknaðist einnig tryggingargjald og félagsgjald af þeirri upphæð. Þetta hefur verið leiðrétt og lækkun milli umræðna hljóðar upp á 153.028 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
02	02520	Kotið - frístundaklúbbur	-4.460 þús.kr.

Kotið frístundaklúbbur lækkar um 5,56% frá fyrri umræðu. Starfsmenn voru með undirbúningstíma áður en þjónustuþegar mættu í hús, þessi undirbúningstími hefur verið felldur niður. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 4.460.566 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
02	02521	Kópurinn - frístundaklúbbur	-153 þús.kr.

Kópurinn frístundaklúbbur lækkar um 0,41% frá fyrri umræðu. Yfirvinna hefur verið lækkuð lítillega. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 154.374 kr.

- **Málaflokkur 03 – Heilbrigðismál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 2,6 millj.kr. milli umræðna.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokksnum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
03	03220	Sjúkrahús Suðurlands	2.631 þús.kr.

Sjúkrahús Suðurlands hækkar um 5,73% frá fyrri umræðu. Reiknuð afnot húsnæðis hafa verið leiðrétt milli umræðna en hækkun á málaflokksnum er

eingöngu vegna þessarar afnota. Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 2.631.000 kr.

- **Málaflokkur 04 – Fræðslu og uppeldismál**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 123,7 millj.kr. milli umræðna.

Í forsendum fjárhagsáætlunar 2023 er meðal annars gert ráð fyrir styttingu á daglegum opnunartíma leikskóla, frístundaheimila og frístundaklúbba þ.e. opið verður til kl. 16:15 í stað 16:30 dag hvern frá og með 1. febrúar næstkomandi. Þá verða sumarlokanir leikskóla aftur 5 vikur (24 virkir dagar) líkt og var á árinu 2021 en ekki 21 dagur. Nánari dagsetningar á sumarlokunum munu koma fram í breytingu á reglum sem verða afgreiddar í fræðslunefnd þann 21. desember næstkomandi.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04115	Álfheimar	-3.783 þús.kr.

Leikskólinn Álfheimar lækkar um 0,93% frá fyrri umræðu. Stöðugildi lækka um 0,6 en þessari hagræðingu er hægt að ná vegna fyrirhugaðrar breytinga á sumarleyfum og opnunartíma. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 3.782.766 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04116	Hulduheimar	-2.877 þús.kr.

Leikskólinn Hulduheimar lækkar um 0,85% frá fyrri umræðu. Stöðugildi lækka um 0,40 en þessari hagræðingu er hægt að ná vegna fyrirhugaðrar breytinga á sumarleyfum. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 2.877.083 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04119	Árbær	-4.096 þús.kr.

Leikskólinn Árbær lækkar um 1,06% frá fyrri umræðu. Stöðugildi lækka um 0,56 en þessari hagræðingu er hægt að ná vegna fyrirhugaðrar breytinga á sumarleyfum og opnunartíma. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 4.096.597 kr.

Fjármálasvið

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04120	Jötunheimar	9.198 þús.kr.

Leikskólinn Jötunheimar hækkar um 1,53% frá fyrri umræðu. Um er að ræða kostnað vegna innbús og leikfanga fyrir nýtt útibú Jötunheima sem fyrirhugað er að opna árið 2023. Einnig hækkar reiknuð leiga um 872 þús.kr. vegna leiðréttingar. Hagræðing Jötunheima vegna breytinga á sumarleyfum og opnunartíma hefur ekki verið færð inn í áætlun. Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 9.197.400 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04122	Goðheimar	-3.884 þús.kr.

Leikskólinn Goðheimar lækkar um 0,96% frá fyrri umræðu. Stöðugildi lækka um 0,6 en þessari hagræðingu er hægt að ná vegna fyrirhugaðrar breytinga á opnunartíma og verður yfirvinna felld niður frá og með 1. mars. Einnig hafa stjórnendur hagrætt eins og kostur er á rekstrarlyklum. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 3.883.898 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04213	Sunnulækjarskóli	-36.296 þús.kr.

Sunnulækjarskóli lækkar um 2,35% frá fyrri umræðu. Stöðugildi lækka um 3,0 en þessari hagræðingu er hægt að ná vegna fyrirhugaðrar fækkunar barna og lækkunar á yfirvinnu. Einnig hafa rekstrarliðir verið skoðaðir ítarlega og lækkaðir eins og kostur er. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 36.295.784 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04214	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	-15.287 þús.kr.

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri lækkar um 2,26% frá fyrri umræðu. Stöðugildi lækka um 1,25 stöðugildi, þessari hagræðingu er hægt að ná með því að ráða ekki inn sérkennara, lækka stöðugildi starfandi kennara og ráða inn ódýrari starfsmann í stað starfsmanns sem er í tímabundnu leyfi. Einnig hafa rekstrarliðir verið skoðaðir vel og lækkaðir eins og kostur er. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 15.286.973 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04216	Vallaskóli	-25.406 þús.kr.

Vallaskóli lækkar um 1,87% frá fyrri umræðu. Stöðugildi lækka um 2,53, þessari hagræðingu er hægt að ná með því að ráða ekki inn í 2,53 stöðugildi í stað starfsmanna sem láta af störfum. Einnig fara tveir starfsmenn í

Fjármálasvið

tímabundið leyfi á árinu og ekki verður ráðið í þeirra stöður. Þá eru reiknuð afnot að hækka um 6,26 millj.kr. vegna breytinga á fjárfestingaráætlun. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 25.405.849 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04218	Setrið Sunnulækjarskóla	-7.717 þús.kr.

Setrið Sunnulækjarskóla lækkar um 2,95% frá fyrri umræðu. Stöðugildi lækka um 0,86, þessari hagræðingu er hægt að ná með því að endurnýja ekki skammtímaráðningar og lækka yfirvinnu. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 7.716.696 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04219	Stekkjaskóli	-13.504 þús.kr.

Stekkjaskóli lækkar um 2,35% frá fyrri umræðu. Þessari hagræðingu er hægt að ná með því að fresta ráðningu í 2,0 stöðugildi og lækka kennslu vegna forfalla um 20 tíma á viku. Einnig hafa rekstrarliðir verið skoðaðir vandlega og lækkaðir eins og kostur er, en það getur verið erfitt að lækka þegar skólinn er enn í uppbyggingu og óvissuþættir margir. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 13.504.213 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04281	Bifröst frístundaheimili	-5.883 þús.kr.

Bifröst frístundaheimili lækkar um 5,86% frá fyrri umræðu. Dregið er úr undirbúningi og þar með lækkuð stöðugildi. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 5.882.591 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04282	Stjörnusteinar frístundaheimili	-1.364 þús.kr.

Stjörnusteinar frístundaheimili lækkar um 3,15% frá fyrri umræðu. Dregið er úr undirbúningi og þar með lækkuð stöðugildi. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 1.364.054 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04283	Hólar frístundaheimili	-6.242 þús.kr.

Hólar frístundaheimili lækkar um 6,78% frá fyrri umræðu. Dregið er úr undirbúningi og þar með lækkuð stöðugildi. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 6.241.139 kr.

Fjármálasvið

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04284	Bjarkarból frístundaheimili	-4.484 þús.kr.

Bjarkarból frístundaheimili lækkar um 5,15% frá fyrri umræðu. Dregið er úr undirbúningi og þar með lækkuð stöðugildi. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 4.483.223 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
04	04284	Kletturinn frístundaklúbbur	-2.052 þús.kr.

Kletturinn frístundaklúbbur lækkar um 5,14% frá fyrri umræðu. Dregið er úr undirbúningi og þar með lækkuð stöðugildi. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 2.052.474 kr.

• **Málaflokkur 05 – Menningarmál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 0,9 millj.kr. milli umræðna. Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
05	05810	Ýmsir styrkir	872 þús.kr.

Ýmsir styrkir hækka um 9,8% frá fyrri umræðu. Reiknuð afnot húsnæðis hafa tekið breytingum vegna leiðréttinga, hækkun á málaflokknum er eingöngu vegna þessarar afnota. Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 872.400 kr.

• **Málaflokkur 06 – Æskulýðs og íþróttamál**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 12,9 millj.kr. milli umræðna. Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
06	06015	Skrifstofa íþrótt- og tómstundamála	-19 þús.kr.

Skrifstofa íþrótt- og tómstundamála lækkar um 0,04% frá fyrri umræðu. Fæðispeningar fóru á reiknuð hlunnindi og þar með reiknaðist einnig tryggingargjald og félagsgjald af þeirri upphæð. Þetta hefur verið leiðrétt og lækkun milli umræðna hljóðar upp á 19.488 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
06	06110	Leikvellir og sparkvellir	-2.971 þús.kr.

Leikvellir og sparkvellir lækka um 14,26% frá fyrri umræðu. Verkefnum er forgangsraðað og aðkeypt þjónusta lækkuð. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 2.971.500 kr.

Fjármálasvið

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
06	06270	Vinnuskóli	12.330 þús.kr.

Vinnuskólinn hækkar frá fyrri umræðu. Tekjur vegna reiknaðar eigin vinnu lækka því deildin er núlluð út. Þar með hækkar deildin milli umræðna um 12.330.156 kr. Á móti lækkar deild 11410 ýmis opin svæði um sömu upphæð.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
06	06610	Íþróttavöllurinn á Selfossi	-19.000 þús.kr.

Íþróttavöllurinn á Selfossi lækkar frá fyrri umræðu. Styrkir lækka um 19 millj.kr. þar sem styrkurinn er færður hjá Selfossveitum. Þar með lækkar deildin milli umræðna um 19.000.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
06	06690	Gervigrasvellir - KSÍ	-600 þús.kr.

Gervigrasvellir KSÍ lækka um 3,57% frá fyrri umræðu. Verkefnum er forgangsraðað og aðkeypt þjónusta lækkuð. Lækkun milli umræðna hljóðar upp á 600.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
06	06810	Íþróttafélögin í Árborg - reiknaðir styrkir	350 þús.kr.

Íþróttafélögin í Árborg reiknaðir styrkir hækka um 0,05% frá fyrri umræðu. Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 350.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
06	06830	Íþrótt- og tómstundastyrkir	-3.000 þús.kr.

Íþrótt- og tómstundastyrkir lækka um 1,38% frá fyrri umræðu. Frístundastyrkir lækka um 3 millj.kr. en miðað er við rauntölur ársins 2022 og tekið mið af íbúafjölgun 2023. Þar með lækkar deildin milli umræðna um 3.000.000 kr.

- **Málaflokkur 08 – Hreinlætismál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 2,6 millj.kr. milli umræðna.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
08	08210	Sorphirða heimila	2.631 þús.kr.

Sorphirða heimilanna hækkar um 73,49% frá fyrri umræðu. Reiknuð afnot húsnæðis hefur tekið breytingum vegna leiðréttingar. Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 2.631.000 kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
08	08510	Meindýraeyðing	-20 þús.kr.

Meindýraeyðing lækkar frá fyrri umræðu. Loka á deildinni en millifærð eigin vinna var skráð á deildina. Þar með lækkar deildin milli umræðna um 20.000 kr. Á móti hækkar deild 11710 Minka- refa- og meindýraeyðing um sömu upphæð.

- **Málaflokkur 09 – Skipulags- og byggingarmál**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 3,9 millj.kr. milli umræðna.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
09	09710	Lóðir og lendur	3.926 þús.kr.

Lóðir og lendur hækka um 2,39% frá fyrri umræðu. Reiknuð afnot lands hefur tekið breytingum vegna breytinga á fjárfestingaráætlun, hækkun á málaflokki er eingöngu vegna þessarar afnota. Hækkun milli umræðna hljóðar upp á 3.925.800 kr.

- **Málaflokkur 11 – Umhverfismál**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 12,3 millj.kr. milli umræðna.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
11	11410	Ýmis opin svæði	-12.330 þús.kr.

Ýmis opin svæði lækka um 5,25% frá fyrri umræðu. Millifærð eign vinna lækkar því Vinnuskólinn er núllaður hér. Þar með lækkar deildin milli umræðna um 12.330.156 kr. Á móti hækkar deild 06270 Vinnuskólinn um sömu upphæð.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
11	11710	Minka-, refa- og meindýraeyðing	20 þús.kr.

Minka-, refa- og meindýraeyðing hækkar um 1,17% frá fyrri umræðu. Loka á deildinni 08510 Meindýraeyðing en millifærð eign vinna var skráð á deildina, sú vinna er færð hingað þar með hækkar deildin milli umræðna um 20.000 kr. Á móti lækkar deild Meindýraeyðing um sömu upphæð.

- **Málaflokkur 21 – Sameiginlegur kostnaður**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 386,9 millj.kr. milli umræðna.

Í fjárhagsáætlun er tekið tillit til launahækkana samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga. Kjarasamningar starfsmanna sveitarfélagsins eru almennt lausir frá 1. mars 2023 að undanskildum samningum við kennarafélögin en þeir samningar eru lausir frá 1. september 2023. Væntanlegar launahækkarnir vegna yfirstandandi kjaraviðræðna eru ekki reiknaðar í launaáætlun ársins. Gert er ráð fyrir 350 millj.kr. varasjóði til að mæta kjarasamningshækkunum og öðrum starfsmannatengdum breytingum á árinu 2023.

Stærsta einstaka breytingin hér er því fyrrgreindur varasjóður ásamt 35 millj.kr. potti vegna veikindalauna. Pottur vegna veikindalauna var í fyrri umræðu færður á málaflokk 27.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
21	21220	Pottur v/kjaras. og veikindal.	385.000 þús.kr.

Þessi deild var stofnuð á milli umræðna og því um hreina hækkun að ræða frá fyrri umræðu. Varasjóður vegna kjarasamninga er 350 millj.kr. og pottur vegna veikindalauna er 35 millj.kr.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
21	21410	Skrifstofa sveitarfélagsins	1.863 þús.kr.

Skrifstofa sveitarfélagsins hækkar um 0,47% frá fyrri umræðu. Sérfræðipjónusta er hækkuð um 1,5 millj.kr. vegna kaupa á stjórnendamælaborði og reiknuð afnot húsnæðis hækkar um 363,5 þús.kr. vegna breytinga á fjárfestingaráætlun. Hækkun milli umræðna er því 1.863.500 kr.

- **Málaflokkur 27 – Óvenjulegir liðir**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 15,0 millj.kr. milli umræðna.

Hér var hagræðingarkrafa upp á 150 millj.kr. og veikindapottur upp á 35 millj.kr. Nú er hér einungis hagræðingarkrafa upp á 100 millj.kr.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
27	27110	Óvenjulegir liðir	15.000 þús.kr.

Óvenjulegir liðir hækka um 13,04% frá fyrri umræðu.

Hagræðingakrafa hefur verið lækkuð um 50 millj.kr. eða úr 150 millj.kr. í 100 millj.kr. Búið er að hagræða sem nemur 150 millj.kr. á milli umræðna en það er að mestu í málaflokki 04 sem sjá má hér að ofan. Áfram verður leitað leiða til að hagræða í rekstri og því er hagræðingarkrafa upp á 100 millj.kr. á árinu 2023.

Í fyrri umræðu var veikindapottur 35 millj.kr. færður hér en hann er nú færður á málaflokk 21. Hækkun milli umræðna er 15 millj.kr.

- **Málaflokkur 28 – Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 5,3 millj.kr. milli umræðna.

Um er að ræða breytingu á viðskiptastöðu aðalsjóðs við aðra sjóði sveitarfélagsins sem er vaxtareiknuð.

Aðrir sjóðir í A-hluta:

- **Málaflokkur 31 - Eignasjóður**

Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 100,5 millj.kr. milli umræðna.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
31	31102	Sólvellir 2 - Vallaskóli	-5.536 þús.kr.
31	31303	Sólvellir 6 - Álfheimar	-582 þús.kr.
31	31304	Túngata 39 - Brimver	-872 þús.kr.
31	31330	Austurvegru 2 - Ráðhús	-95 þús.kr.
31	31365	Víkurheiði 4 Gámasvæði	-2.631 þús.kr.
31	31501	Sigtún 1	-872 þús.kr.
31	31601	Gatnakerfi	-38.932 þús.kr.
31	31602	Lausafjármunir	-42.274 þús.kr.
31	31750	Eign Árborgar í Heilbrigðisstofnun Suðurlands	-2.631 þús.kr.
31	31790	Ýmsar eignir	-4.653 þús.kr.
31	31950	Fjármagnsgjöld	-1.453 þús.kr.

Nokkrar eignir hjá eignasjóði lækka frá fyrri umræðu. Tekjur hafa hækkað vegna leiðréttingar á reiknaðri húsaleigu. Þessa hækkun tekna má skýra að fullu vegna breytinga á fjárfestingaráætlun. Fjármagnsgjöld lækkuðu um rúm 1.453 þús.kr. sem rekja má til breytinga á viðskiptastöðu við aðalsjóð sem er vaxtareiknuð.

- **Málaflokkur 71 – Fasteignafélag Árborgar slf.**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 33,2 millj.kr. milli umræðna.

Hér fyrir neðan má sjá breytingar á deildum í málaflokknum á milli umræðna.

Málaflokkur	Deild	Heiti deildar	Fjárhæð
71	71210	Norðurhólar 1 - 1. áfangi	20.000 þús.kr.

Norðurhólar 1 – 1.áfangi hækkar um 31,44% frá fyrri umræðu. Viðhald húsa hækkar um 20 millj.kr. vegna verkefna sem færast á milli ára.

Fjármagnsgjöld hækka um 13,2 millj.kr. sem rekja má til 100 millj.kr. hærri lántöku og breytinga á viðskiptastöðu við Aðalsjóð sem er vaxtareiknuð.

Sjóðir í B-hluta:

- **Málaflokkur 77 – Selfossveitur**

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 175 þús.kr. milli umræðna. Um er að ræða breytingar á afskriftum.

Breytingar á fjárfestingaráætlun

- **Fjárfestingaráætlun 2023**

Fjárfestingar ársins 2023 lækka um 120 millj.kr. milli umræðna.

Eignasjóður:

- Endurbætur á lóð Austurvegi 2-ráðhúströppur, hækkun um 20 millj.kr.

Fasteignafélagið:

- Frístundamiðstöð, lækkun um 50 millj.kr.
- Hreinsistöð og búnaður, lækkun um 100 um millj.kr.

Selfossveitur:

- Dreifikerfi-Austurbyggð II, hækkun um 10 millj.kr.

- **Fjárfestingaráætlun 2024**

Fjárfestingar ársins 2024 lækka um 608,5 millj.kr. milli umræðna.

Eignasjóður:

- Vallaskóli loftræsting, lækkun um 25 millj.kr.
- Vallaskóli breytingar á stjórnunarálmum og miðrymi, lækkun um 40 millj.kr.
- Björk-verkhönnun á nýju byggingarlandi I og II, hækkun um 2,5 millj.kr.
- Björk 3.verkáfangi, lækkun um 150 millj.kr.
- Tjarnastígur Stokkseyri, lækkun um 25 millj.kr.
- Gatnagerð Stokkseyri, lækkun um 20 millj.kr.
- Miðbær Stokkseyri, lækkun um 30 millj.kr.
- Eyrabakki miðbær, lækkun um 20 millj.kr.
- Miðbær Selfoss-eftirlit og aðgerðir, lækkun um 5 millj.kr.
- Aðgerðir til umferðarhraðalækkunar, lækkun um 5 millj.kr.
- Endurbætur á lóð Austurvegur 2-ráðhúströppur, lækkun um 20 millj.kr.

Fasteignafélagið

- Frístundamiðstöð, lækkun um 50 millj.kr.
- Sunnulækjarskóli-frágangur og endurbætur á lóð, hækkun 12 millj.kr.
- Íþróttahús ásamt nýrri sundlaug Stokkseyri-hönnun og þarfagreining, lækkun 20 millj.kr.

- Hreinsistöð og búnaður, lækkun 100 millj.kr.

Fráveita:

- Stofngjöld, lækkun á tekjum 23 millj.kr.
- Björk 3.verkáfangi, lækkun um 50 millj.kr.
- Víkurheiði II/Mýrarheiði, lækkun um 15 millj.kr.

Vatnsveita:

- Kaldaárhöfði-undirbúningur, lækkun um 5 millj.kr.
- Björk 3.verkáfangi, lækkun um 30 millj.kr.
- Víkurheiði II/Mýrarhverfi, lækkun um 10 millj.kr.

Selfossveitur:

- Virkjun á vinnsluholu, lækkun um 10 millj.kr.
- Ölfusárbrú-framkvæmdir vegna nýrrar brúar, lækkun um 50 millj.kr.
- Björk. 3 verkáfangi, lækkun um 25 millj.kr.
- Dreifikerfi fyrir Víkurheiði/Mýrarhverfi, lækkun um 10 millj.kr.
- Dreifikerfi Tjarnastígur Stokkseyri, lækkun um 10 millj.kr.
- Dælustöð við Arnberg, lækkun um 75 millj.kr.

- **Fjárfestingaráætlun 2025**

Fjárfestingar ársins 2025 lækka um 71 millj.kr. milli umræðna.

Eignarsjóður:

- Vallaskóli breytingar á stjórnunarálmum og miðrymi, lækkun um 140 millj.kr.
- Tjarnastígur Stokkseyri, lækkun um 40 millj.kr.
- Stígagerð við Árbakkaland, lækkun um 5 millj.kr.
- Miðbær Selfoss - eftirlit og aðgerðir, lækkun um 1,5 millj.kr.
- Aðgerðir til umferðarhraðalækkunar, lækkun um 5 millj.kr.
- Endurnýjun á ljósastaurum og gatnalýsingu, lækkun um 5 millj.kr.

Fasteignafélagið:

- Íþróttahús ásamt nýrri sundlaug Stokkseyri - hönnun og þarfagreining, lækkun um 150 millj.kr.

Fráveita:

- Stofngjöld, lækkun á tekjum um 15 millj.kr.
- Tjarnastígur Stokkseyri, lækkun um 25 millj.kr.

- Víkurheiði II/Mýrarhverfi, hækkun um 15 millj.kr.

Vatnsveita:

- Stofngjöld, hækkun á tekjum um 17 millj.kr.
- Heimtaugar - Kostnaður, hækkun um 17 millj.kr.
- Vatnsverndarsvæði aðgerðir, hækkun um 2,5 millj.kr.
- Kaldaárhöfði - Undirbúningur, hækkun um 10 millj.kr.
- Björk II og 3. verkáfangi, hækkun um 15 millj.kr.
- Víkurheiði II/Mýrarhverfi, hækkun um 10 millj.kr.
- Tjarnastígur Stokkseyri, hækkun um 10 millj.kr.

Selfossveitur:

- Virkjun á vinnsluholu, hækkun um 10 millj.kr.
- Ölfusárbrú-Framkvæmdir vegna nýrrar brúar, hækkun um 50 millj.kr.
- Dreifikerfi - Björk II og 3. verkáfangi, hækkun um 20 millj.kr.
- Dreifikerfi fyrir Víkurheiði/Mýrarhverfi, hækkun um 10 millj.kr.
- Dreifikerfi Tjarnastígur Stokkseyri, hækkun um 10 millj.kr.

- **Fjárfestingaráætlun 2026**

Fjárfestingar ársins 2026 hækka um 1.002,5 millj.kr. milli umræðna.

Eignarsjóður:

- Vallaskóli loftræsting, hækkun um 25 um millj.kr.
- Vallaskóli breytingar á stjórnunarálmum og miðrymi, hækkun um 10 millj.kr.
- Gatnagerð-Stokkseyri-Eyjasel, hækkun um 20 millj.kr.
- Stígagerð við Árbakkaland, hækkun um 15 millj.kr.
- Miðbær Stokkseyri, hækkun um 30 millj.kr.
- Eyrarbakki-miðbær, hækkun um 20 millj.kr.
- Aðgerðir til umferðarhraðalækkunar, lækkun um 5 millj.kr.
- Endurnýjun á ljósastaurum og gatnalýsingu, hækkun um 5 millj.kr.

Þjónustumiðstöð:

- Tækjakaup, hækkun um 5 millj.kr.

Fasteignafélagið:

- Frístundamiðstöð, hækkun um 100 millj.kr.
- Nýr grunnskóli í Árborg, hækkun um 100 millj.kr.

- Íþróttahús ásamt nýrri sundlaug Stokkseyri - hönnun og þarfagreining, hækkun um 200 millj.kr.
- Hreinsistöð og búnaður, hækkun 200 millj.kr.

Fráveita:

- Stofngjöld, hækkun á tekjum 15 um millj.kr.
- Björk II og 3. verkáfangi, hækkun um 50 millj.kr.

Vatnsveita:

- Stofngjöld, hækkun á tekjum um 17 millj.kr.
- Heimtaugar-kostnaður, hækkun um 17 millj.kr.
- Vatnsöflun við Ingólfsfjall-virkjun og borholur, hækkun um 30 millj.kr.
- Vatnsverndarsvæði aðgerðir, hækkun um 2,5 millj.kr.
- Kaldaárhöfði-undirbúningur, hækkun um 10 millj.kr.
- Ölfusárbrú-framkvæmdir vegna nýrrar brúar, hækkun um 50 millj.kr.
- Björk II og 3. verkáfangi, hækkun um 15 millj.kr.

Selfossveitur:

- Virkjun á vinnsluholu, hækkun um 10 millj.kr.
- Ölfusárbrú-framkvæmdir vegna nýrrar brúar, hækkun um 50 millj.kr.
- Dælustöð við Arnberg, hækkun um 75 millj.kr.

Reglugerð 1212/2015

Með breytingum sem gerð var á reglugerð 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga á árinu 2021, þurfa sveitarfélög nú að færa í samantekin reikningsskil sín, sem og fjárhagsáætlanir, hlutdeild sína í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtækjum og öðrum félögum með ótakmarkaða ábyrgð.

Í tilviki sveitarfélagsins á þetta við um eftirtalin samrekstrarverkefni:

- Bergisinn bs.
- Brunavarnir Árnesinga
- Byggðasafn Árnesinga
- Héraðsnefnd Árnesinga bs.
- Héraðsskjalasafn Árnesinga
- Listasafn Árnesinga
- Tónlistarskóli Árnesinga
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Sorpstöð Suðurlands
- Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Áhrif ofangreindra samrekstrareininga á fjárhag sveitarfélagsins eru ekki meðtalin í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Ástæðan er sú að áætlanir þessara eininga liggja ekki fyrir á því formi sem talist getur fullnægjandi á þessari stundu og samþykktar af til þess bærum aðilum. Þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir verður gerður viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Framlög sveitarfélagsins til ofangreindra samrekstrareininga eru meðtalin í rekstraráætlun sveitarfélagsins.